

30

19. júní

11 gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 10 þús. kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

31

19. júní

L Ö G

um einkaleyfi til að flytja út og selja á erlendan markað nýja tegund af saltfiski.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1938 veitist Sveini Árnasyni, yfirfiskimatsmanni á Seyðisfirði, einkaleyfi til þess að flytja út og selja á erlendum markaði saltfiskstegund, er hann nefnir „Magna“ og verkuð er með sérstakri aðferð, sem hann hefir tekið upp og endurbætt. Saltfiskur þessi líkist að verkun, útliti og eðli vörunnar saltfiskstegund þeirri, sem í hinum ýmsu stöðum í Miðjarðarhafslöndunum er nefnd ýmsum nöfnum, svo sem „shorefish“, „bankfish“, „Gaspé“, „Newfoundlandfish“ og „Bacalao Ingles“, eftir stærð, uppruna eða markaðslandi.

2. gr.

Heimilt er leyfishafa að framselja einkaleyfið, að meira eða minna leyti, sameignarfélagi eða hlutafélagi, sem hann sjálfur er þátttakandi í og veitir forstöðu. Gengur sá félagsskapur þá inn í réttindi og skyldur leyfishafa samkvæmt þessum lögum.

3. gr.

Fisk þann, er einkaleyfishafi flytur út samkvæmt heimild laga þessara, getur atvinnumálaráðherra undanþegið ákvæðum laga nr. 46 8. sept. 1931, um

fiskimat, enda sé berum orðum fram tekið á farmskirteini, að fiskurinn sé **31**
„Magna“-fiskur (shorefish, bankfish o. s. frv.). 19. júní

4. gr.

Einkaleyfi þetta er bundið eftirfarandi skilyrðum:

- a) Að leyfishafi flytji eða láti flytja út af umræddri saltfiskstegund að minnsta kosti 300 smálestir árlega eftir lok ársins 1933.
- b) Að hann greiði í ríkissjóð 500 króna árlegt gjald fyrir einkaleyfi þetta.
- c) Að hann kenni íslenskum útgerðar- og fiskverkunarmönnum verkunar- aðferð sína, eftir því sem markaður og aðrar ástæður leyfa, og að aðferðin verði almenningseign að leyfistíma loknum.

Verði þessi skilyrði ekki haldin, getur atvinnumálaráðherra svipt hann einkaleyfinu, og skal þá leyfissviptingin auglýst í Lögbirtingablaðinu.

5. gr.

Meðan leyfistíminn stendur er öllum öðrum óheimilt, án leyfis leyfishafa, að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til, eða eftirlíkingar af henni, er seldar yrðu á erlendum markaði sem tegundir þær, er nefndar eru í 1. gr. Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða sektum frá 2000—20000 kr., er renna í ríkissjóð, svo og skaðabótum til leyfishafa eftir almennum reglum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.